

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 10.8.2023
UST202301-420/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 7. júní 2023 – Laxar, Bakka

Þann 7. júní sl. fór fram eftirlit í Bakka. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávik voru í eftirliti árið 2022, hvorki grænu bókhaldi né ársyfirliti var skilað fyrir 1. maí 2022. Bæði grænu bókhaldi og ársyfirlitunum var skilað inn 3. maí svo frávikum hefur verið lokað.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Í lið 6.10 í grænu bókhaldi Bakka, kemur fram að viðtakinn sé sjór.
2. Nauðsynlegt er að gögn séu rétt merkt þegar þau eru send Umhverfisstofnun. Niðurstöður sýnatöku frá Sýni ehf. voru ranglega merktar Fiskalóni.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Samkvæmt lið 4.3 í starfsleyfi á að taka sýni a.m.k. tvisvar á ári, annarsvegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hinsvegar þegar fóðrun er í lágmarki. Ekki var tekið sýni eða gerðar mælingar nema einu sinni, þann 22. september 2022.
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var skilað 3. maí og er því frávikinu lokið.
3. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfseminni fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi var skilað inn 3. maí s.l. og er frávikinu því lokið.
4. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila er óheimilt að losa meira ein kemur fram í gr 3.4 Sjá umfjöllun í kafla um umfangi eftirlits.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 31. ágúst n.k.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingu